



Kerfisáætlun 2015-2024

Viðbrögð við athugasemdum við matslýsingu

26. febrúar 2015

Efnisyfirlit

1	Athugasemdir og umsagnir	1
1.1	Inngangur	1
1.2	Fjöldi athugasemda og umsagna	1
2	Minjastofnun	2
2.1	Gögn	2
2.2	Leiðrétting	2
2.3	Viðbrögð Landsnets	2
3	Bláskógabyggð	2
3.1	Gagnaöflun	2
3.2	Viðbrögð Landsnets	2
4	Hrunamannahreppur	2
4.1	Gagnaöflun	2
4.2	Viðbrögð Landsnets	2
5	Orkusalan	2
5.1	Gagnaöflun	2
5.2	Viðbrögð Landsnets	2
6	Landsvirkjun	3
6.1	Almennt	3
6.2	Forsendur	3
6.3	Áhrifaþættir	3
6.4	Umhverfisþættir	3
6.5	Gögn	3
6.6	Tengsl við áætlanir	3
6.7	Hugtakanotkun	4
6.8	Viðbrögð Landsnets	4
7	Hörður Einarsson	4
7.1	Forsendur	4
7.2	Valkostir	5
7.3	Viðbrögð Landsnets	5
8	Landvernd	6
8.1	Málsmeðferð	6
8.2	Matsskylda kerfisáætlunar	6
8.3	Kerfisáætlun	6
8.4	Valkostir	7
8.5	Umhverfismat	7
8.6	Gögn	8
8.7	Tengsl við áætlanir	8

8.8	Viðbrögð Landsnets	8
9	Skipulagsstofnun	11
9.1	Umhverfisskýrsla kerfisáætlunar 2014-2023	11
9.2	Matsskylda	11
9.3	Forsendur	11
9.4	Gögn	11
9.5	Samanburður valkosta	11
9.6	Forsendur mats	12
9.7	Tengsl við aðrar áætlanir	12
9.8	Tilvísun í athugasemdir við umhverfisskýrslu kerfisáætlunar 2014-2023	12
9.9	Viðbrögð Landsnets	12
10	Fljótsdalshérað	14
10.1	Forsendur	14
10.2	Viðbrögð Landsnets	14
11	Hafnarfjörður	14
11.1	Umhverfisþættir	14
11.2	Viðbrögð Landsnets	14
12	Orkuveita Reykjavíkur	14
12.1	Samfélagsleg áhrif	14
12.2	Áhrif á vatnsvernd og neysluvatn	14
12.3	Mótvægisaðgerðir	15
12.4	Viðbrögð Landsnets	15
13	Samband sveitarfélaga á Austurlandi	15
13.1	Viðbrögð Landsnets	15
14	Umhverfisstofnun	15
14.1	Valkostir	15
14.2	Forsendur	16
14.3	Kerfisáætlun	16
14.4	Umhverfisáhrif	16
14.5	Samanburður valkosta	16
14.6	Umhverfisáhrif spennustiga	16
14.7	Viðbrögð Landsnets	16

1 Athugasemdir og umsagnir

1.1 Inngangur

Matslýsing fyrir kerfisáætlun 2015-2024 var kynnt og leitað eftir athugasemdum og ábendingum á tímabilinu 3. til 30. janúar 2015. Alls bárust svör frá 15 aðilum.

Tilgangur með kynningu á matslýsingu er m.a. að fá viðbrögð við þeirri nálgun sem Landsnet mun beita í matsvinnu og ábendingar um gögn sem mikilvægt er að nýta.

Landsnet þakkar öllum fyrir sendar athugasemdir við matslýsingu kerfisáætlunar 2015-2023.

Draga má saman helstu viðbrögð Landsnets við framkomnum athugasemdum við matslýsingu á eftirfarandi hátt:

- ▶ Matsskylda: Landsnet mun gera betur grein fyrir þeim forsendum sem eru til grundvallar um matsskyldu kerfisáætlunar.
- ▶ Forsendur: Landsnet mun í kerfisáætlun 2015-2024 gera frekari grein fyrir helstu forsendum áætlunarinnar.
- ▶ Nálgun: Landsnet mun í umhverfisskýrslu gera betur grein fyrir því hvernig athugasemdir við umhverfisskýrslu kerfisáætlunar 2014-2023 höfðu áhrif á matsvinnuna og kerfisáætlun 2015-2024.
- ▶ Gögn: Landsnet mun afla frekari gagna s.s. upplýsingar um svæði þar sem fornleifaskráning liggur fyrir, gróðurkort, skýrslur um áhrif orkumannvirkja á ferðamennsku og útivist, öryggisreglur vatnsverndarsvæða og alþjóðlegir samningar um loftslagsmál,
- ▶ Áhrifamat: Í umhverfisskýrslu verður bætt við ákveðnum áherslum vegna samfélagsþátta í mati á áhrifum valkosta, þ.m.t. 0-kost.
- ▶ Leiðréttingar. Gerðar eru ýmsar leiðréttingar m.a. tilvísun í lög og hugtakanotkun.

1.2 Fjöldi athugasemda og umsagna

Alls bárust svör frá 15 aðilum og er yfirlit um þá í töflu 1.

Tafla 1: yfirlit um aðila sem sendu inn ábendingar og athugasemdir

1	Minjastofnun Íslands	9	Landsvernd
2	Bláskógabyggð	10	Skipulagsstofnun
3	Hrunamannahreppur	11	Fljótsdalshérað
4	Reykjanesbær*	12	Hafnarfjörður
5	Orkusalan	13	Orkuveita Reykjavíkur
6	Seltjarnarnesbær*	14	Samband sveitarfélaga á Austurlandi
7	Landsvirkjun	15	Umhverfisstofnun
8	Hörður Einarsson		

* Gera ekki athugasemd við matslýsingu

Um er að ræða beinar tilvísanir í athugasemdir og umsagnir. Í einstaka tilvikum hafa málsgreinar verið styttaðar eða settar saman. Það er hins vegar gert án þess að efnisleg breyting verði á athugasemd. Í eftirfarandi köflum er gerð grein fyrir athugasemdum hvers aðila fyrir sig og í lok viðkomandi kafla eru viðbrögð Landsnets.

Allar athugasemdir og umsagnir sem bárust eru í fylgiriti með svörum. Þar er hægt að sjá óstyttað athugasemdir.

2 Minjastofnun

2.1 Gögn

Heildstæð kortlagning á menningarminjum á Íslandi liggur ekki fyrir eins og fram kemur í matslýsingunni. Í umhverfisskýrslu er þó fyrirhugað að gera grein fyrir því hvort til séu upplýsingar um menningarminjar þar sem uppbygging er áætluð. Bent er á að hjá Minjastofnun Íslands er hægt að fá upplýsingar um þau svæði á landinu þar sem fornleifar hafa verið skráðar. Á miklum meirihluta þeirra svæða sem kerfisáætlunin nær til hafa fornleifar ekki verið skráðar og því ríkir óvissa um áhrif framkvæmda á þessum svæðum á menningarminjar eins og raunar kemur fram í umhverfisskýrslu kerfisáætlunar 2014-2023.

2.2 Leiðrétting

Í kafla 4.8.1 er fjallað um viðmið. Þar eru tekin dæmi um lög og reglugerðir sem setja viðmið og m.a. nefnd þjóðminjalög. Hér ætti að standa lög um menningarminjar (nr. 80/2012) líkt og fram kemur í töflu 4.4.

2.3 Viðbrögð Landsnets

Landsnet mun óska eftir upplýsingum hjá Minjastofnun um þau svæði, þar sem fornleifar hafa verið skráðar. Landsnet mun leiðrétta heiti laga um menningarminjar.

3 Bláskógabyggð

3.1 Gagnaöflun

Jafnframt óskar Landsnet eftir upplýsingum frá sveitarfélögum um atvinnuuppbyggingu, með orkufreka starfsemi, skv. skipulagsáætlunum eða annarri fyrirliggjandi stefnumörkun. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að leita upplýsinga hjá garðyrkjubændum hvort þeir hafi hug á að koma einhverjum upplýsingum á framfæri.

3.2 Viðbrögð Landsnets

Landsnet þakkar fyrir upplýsingar um áætlaða raforkunotkun í sveitarfélaginu.

4 Hrunamannahreppur

4.1 Gagnaöflun

Sveitarstjórn telur nauðsynlegt að huga að nægu framboði á orku inn á svæðið til að orkufrekar greinar geti aukið starfsemi sína, t.d. vegna lýsingu í garðyrkju.

4.2 Viðbrögð Landsnets

Landsnet þakkar fyrir upplýsingar um áherslur sveitarfélagsins.

5 Orkusalan

5.1 Gagnaöflun

Orkusalan vinnur að undirbúningi 65 MW virkjunar í Hólmsá í samvinnu með Landsvirkjun. Önnur virkjanaáform liggja ekki fyrir.

5.2 Viðbrögð Landsnets

Landsnet þakkar fyrir upplýsingar um áform um orkuframleiðslu.

6 Landsvirkjun

6.1 Almennt

Matslýsing er greinargóð og lýsir vel forsendum og því verklagi sem Landsnet áformar að viðhafa við umhverfismat áætlunarinnar.

6.2 Forsendur

Landsvirkjun telur að við núverandi flutningskerfi sé útilokað að orkufyrirtæki geti nýtt mannvirki sín á fullnægjandi hátt. Með sterkara flutningskerfi myndi núverandi nýting í orkuvinnslukerfi Landsvirkjunar aukast um 100 GWst á ári og mögulegar auknar tekjur fyrirtækisins vegna þessa eru um 440 m.kr. á ári.

Sterkara flutningskerfi myndi einnig gera Landsvirkjun auðveldara að flytja orku innan landsins þar sem eftirspurn er meiri eftir henni hverju sinni.

Landsvirkjun telur mikilvægt að fram komi í umhverfisskýrslu að flutningstakmarkanir og óstöðugleiki hafi um ára bil verið mikið vandamál í rekstri byggðalínu og skerðingar raforku sífellt tíðari. Þetta ástand sé farið að hamla verulega möguleikum á atvinnuuppbyggingu utan suðvesturlands, rafvæðingu fiskiðjuvera og virkni raforkumarkaðar á landsbyggðinni.

6.3 Áhrifaþættir

Í kafla 4.3 kemur fram að orkunotkun sé einn af þrem helstu áhrifaþáttum kerfisáætlunar á umhverfi sem verður til skoðunar í matsvinnunni. Þættinum er lýst þannig að hann feli í sér breytta orkunotkun, samspil við orkuframleiðslu og orkutöp. Aðrir þætti eru tæknikostir og flutningsleiðir. Við þá þrjá áhrifaþætti sem gert er ráð fyrir að verði til skoðunar telur Landsvirkjun að bæta þurfi við nýtingu orkuauðlinda, því takmarkanir á flutningsgetu milli landshluta gera það að verkum að ekki er hægt að hámarka afrakstur þeirra auðlinda sem nýttar eru til orkuvinnslu.

6.4 Umhverfisþættir

Hér er rétt að benda á að aðeins öflugt meginflutningskerfi kann að hafa bætt áhrif á loftslag, eins og meginflutningskerfið er í stakk búíð í dag hefur það takmarkaða burði til að bæta frekar áhrif á loftslag hér á landi umfram það sem þegar hefur áunnist í því efni.

Landsvirkjun [vill] benda á að loftslagsmál eru hnattrænt verkefni og að sú nálgun sem virðist lagt upp með sé of þröng. Fyrirtækið telur ástæðu til að horfa einnig á nýtingu orkuauðlinda í því sambandi. Niðurstöður vistferilgreininga sýna að losun vegna raforkuvinnslu hér á landi er mjög lág. Nýting orkuauðlinda þjóðarinnar til raforkuvinnslu með tilheyrandi flutningi dregur því úr losun á hnattræna vísu.

6.5 Gögn

Landsvirkjun telur að bæta eigi við eftirfarandi gögnum:

- ▶ Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar
- ▶ Kýótóbókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar

6.6 Tengsl við áætlanir

Varðandi verndar- og orkunýtingaráætlun kemur fram að litið verði til virkjanakosta í nýtingarflokki. Landsvirkjun telur að þar sem um ræðir áætlun til 10 ára þurfi einnig að líta til annarra virkjanakosta sem fyrirtækið vinnur að þar sem breytingar geta orðið á flokkun þeirra á tímabilinu. Lög um vernd og orkunýtingu landsvæða gera ráð fyrir að flokkun virkjunarkosta sé tekin til endurskoðunar eigi sjaldnar en á fjögurra ára festi og að virkjunarkostir geti við slíka endurskoðun færast á milli flokka.

6.7 Hugtakanotkun

Landsvirkjun gerir ráð fyrir að hér sé verið að vísa til „varúðarreglunnar“ þegar fjallað er um „varúðarsjónarmið“.

6.8 Viðbrögð Landsnets

6.2	Landsnet mun í kerfisáætlun gera grein fyrir stöðu núverandi flutningskerfis. Í umhverfisskýrslu verður fjallað um áhrif 0-kosts, þ.e. að ekki verði ráðist í styrkingar, á umhverfispættina og þar með talið á samfélag. Landsnet þakkar fyrir þær upplýsingar sem Landsvirkjun lagði fram.
6.3	Landsnet tekur undir mikilvægi þess að styrkja flutningskerfið, sem felur m.a. í sér að draga úr flutningstöpum. Með því að draga úr töpum er stuðlað að bættri nýtingu orkuauðlindarinnar og dregið úr sóun. Umfjöllun um áhrif bættra tenginga milli landshluta mun verða hluti af umfjöllun áhrif á samfélag.
6.4	Landsnet telur að það sé ekki hluti af viðfangsefnum kerfisáætlunar og umhverfismats að fjalla um nýtingu orkuauðlinda. Í umhverfisskýrslu verður fjallað um möguleg áhrif kerfisáætlunar á loftslag m.t.t. markmiða innlendra stjórnvalda ásamt því að fjalla um áhrif áætlunarinnar á loftslag á heimsvísu. Horft verður til þess hvort uppbygging flutningsnetsins geti haft jákvæð áhrif á loftslag vegna möguleika á notkun endurnýjanlegra orkugjafa í stað jarðefnaeldsneytis. Einnig verður lagt mat á það hvort áætlunin geti leitt til þess að neikvæð áhrif verði á loftslag með losun gróðurhúsalofttegunda t.d. með röskun votlendis.
6.5	Landsnet mun líta til þeirra gagna sem Landsvirkjun vísar til.
6.6	Forsendur kerfisáætlunar byggja á fyrirliggjandi áætlunum stjórnvalda s.s. raforkuspá og rammaáætlun. Þessu til viðbótar hefur Landsnet leitað eftir upplýsingum um áformum orkuframleiðenda næstu 10 árin. Verður litið til þessara áforma við rýni á sviðsmyndum. Sviðsmyndirnar þurfa hins vegar að byggja á áætlunum stjórnvalda og telur Landsnet ekki hægt að horfa til annarra virkjanakosta en þeirra sem koma fram í nýtingarflokki rammaáætlunar.
6.7	Það er rétt ályktað hjá Landsvirkjun að í matslýsingu er vísað í varúðarregluna þegar rætt er um varúðarsjónarmið.
	Aðrir þættir í athugasemd Landsvirkjunar krefjast ekki viðbragða Landsnets vegna vinnu við umhverfismat kerfisáætlunar.

7 Hörður Einarsson

7.1 Forsendur

(2) Það er ekki hlutverk Landsnets að spá fyrir um það, hversu mikil raforka muni koma til flutnings úr nýtingarflokki rammaáætlunar. Það er heldur ekki hlutverk Landsnets að spá fyrir um markaðspróun.

(3) Landsnet er viðbragðafyrirtæki. Landsnet á að bregðast við þörfum viðskiptavina sinna. Hverjar eru raunhæfar þarfir ykkar? á Landsnet að spyrja viðskiptavini sína og vinna síðan að áætlun um uppbyggingu flutningskerfisins út frá því. „Framtíðarsýn“ og ímyndaðar sviðsmyndir eiga þar lítið erindi. Fyrirliggjandi þarfir er viðfangsefnið. Þess verður að vænta, að í næstu kerfisáætlun Landsnets verði að finna vel sundurliðaða greinargerð um þá þörf, sem áætluninni er ætlað að fullnægja.

(5) Ekki verður annað séð en þessi lýsing [á tilgangi kerfisáætlunar] rúmist innan ákvæða raforkulaga og laga um Landsnet.

Hins vegar getur það ekki talizt „hagkvæm“ uppbygging flutningskerfis að velja valkost, sem er talsvert dýrari en hinn ódýrasti, ef það val réttlætist af umhverfisverndarsjónarmiðum. Það er vegna þess að umhverfisvernd er lögmætt markmið samkvæmt umhverfislöggjöf og raforkulöggjöf, meira að segja hluti af almannaþjónustuhlutverki flutningsfyrirtækisins.

7.2 Valkostir

Í þessum kafla matslýsingarinnar vottar greinilega fyrir þeirri von fyrirsvarsmanna Landsnets, að hugsanleg þingsályktun um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína muni létta af Landsneti skyldu til að umhverfismeta jarðstrengi til jafns við loftlínur nema í einhverjum undantekningartilvikum. Þarna er um falsvon Landsnets að ræða. Í fyrsta lagi, þótt málið náði fram, getur það í engu breytt skyldum Landsnets í umhverfismálum, hvorki að því er varðar jarðstrengi/loftlínur eða í öðrum efnum. Ísland er bundið af tilskipunum Evrópusambandsins í umhverfismálum, til dæmis bæði tilskipun um umhverfismat áætlana og tilskipun um umhverfismat framkvæmda. Íslensk lög og þingsályktanir verða ætíð að vera innan ramma þess.

7.3 Viðbrögð Landsnets

7.1	<p>(2) (3) Kerfisáætlun verður að byggja á föstum grunni þegar kemur að ákvörðun á framtíðarþróun flutningskerfisins og skv. raforkulögum ber kerfisáætlunin að vinnast í samráði við raforkuhóp Orkusparnefndar. Þetta samráð er með þeim hætti að nýjasta raforkuspá er kölluð grunnforsenda kerfisáætlunar hverju sinni þar sem traust spá um aukningu almenns álags er leiðarvísir að lágmarksuppbyggingu raforkukerfisins, þ.e. þar sem engin aukning á sér stað í orkufrekum iðnaði. Þetta lágmark, minnsta mögulega uppbyggingarlausnin, kallast núllkostur í samhengi flutningskerfisins.</p> <p>Rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða var samþykkt á Alþingi vorið 2013. Þar voru settir í orkunýtingarflokk 16 virkjanakostir, tveir vatnsaflskostir og 14 jarðvarmakostir. Þar sem ekki er gert ráð fyrir tengingum virkjanakosta við flutningskerfið í rammaáætlun er það hlutverk kerfisáætlunar að fjalla um þann þátt í beinu framhaldi af rammaáætlun.</p> <p>Hafðar eru til hliðsjónar hinum grunnforsendunum markaðsaðstæður og mögulega þróun á markaði. Landsnet horfir einnig til skipulagsáætlana sveitarfélaga sem skipuleggja svæði undir iðnaðarstarfsemi.</p> <p>Auk þessara forsendna hefur Landsnet óskað eftir áformum orkuframleiðenda og helstu notenda á næstu 10 árum, sbr. kafla 3.3 í matslýsingu. Verður litið til þeirra upplýsinga við rýni sviðsmynda.</p> <p>(5) Mikilvægur þáttur við mótn kerfisáætlunar er umhverfismat áætlunarinnar. Þannig er stuðlað að því að við ákvarðanir um valkosti verði litið til umhverfisjónarmiða. Landsnet vill einnig benda á að við uppbyggingu og styrkingu meginflutningskerfisins þarf að líta til fleiri þátta en kostnaðar og umhverfis. Þar skipta kerfislegir eiginleikar verulegu máli.</p>
7.2	<p>Ákvörðun Landsnets um kosti mun byggja á útreikningum kerfisrannsókna, hagkvæmni, rekstraröryggi og tæknilegum þáttum auk umhverfissjónarmiða. Í samræmi við reynslu af umhverfismati kerfisáætlunar 2014-2023 er búið að skerpa á framsetningu og samanburði valkosta, þ.m.t. loftlínu og jarðstrengja. Umfjöllun í umhverfisskýrslu mun vera í fullu samræmi við lög um umhverfismat áætlana og Evróputilskipun um umhverfismat áætlana.</p>

	Aðrir þættir í athugasemd Harðar Einarssonar krefjast ekki viðbragða Landsnets vegna vinnu við umhverfismat kerfisáætlunar.
--	---

8 Landvernd

8.1 Málsmæðferð

Landvernd leggur ríka áherslu á að þeir sem standa að áætlanagerð og framkvæmdum, þ.m.t. flutningsfyrirtækið Landsnet, afgangi athugasemdir sem berast frá almenningi og félagasamtökum eins og lög boða sem hluta af umhverfismati áætlana.

8.2 Matsskylda kerfisáætlunar

Á bls. 2 í matslýsingu kemur fram sú lagaskýring Landsnets að það liggja ekki ljóst fyrir hvort að kerfisáætlun sé matskyld samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, en hinsvegar hafi fyrirtækið af sjálfdáðum ákveðið að vinna umhverfismat fyrir áætlunina. Landvernd telur í fyrsta lagi að það sé ekki bara sjálfsgætt að vinna umhverfismat fyrir jafn viðamikla og mikilvæga áætlun sem jafnframt hefur víðtæk áhrif á umhverfi og náttúru, heldur vísar til úrskurðar umhverfis- og auðlindaráðherra frá 21. maí 2013 um að Landsneti beri að umhverfismata kerfisáætlun. Þannig að það þurfti í raun kærnu til ráðherra og ráðherraúrskúrð í kjölfarið til þess að fyrirtækið sinnti þessum sjálfsgæða hluta þess að vinna umfangsmikla áætlun (kerfisáætlun) sem hefur víðtæk umhverfisáhrif.

8.3 Kerfisáætlun

(Kafli 3.2) Mikils misskilnings hefur gætt hjá Landsneti um að fyrirtækið geti ekki lagt jarðstrengi á hárru spennu vegna þess að þeir kosti meira en loftlínur. Fyrirtækið hefur haldið því fram að það hafi ekki skýrar heimildir til slíks í raforkulögum, sbr. 1. mgr. 9. gr. laganna um *uppbyggingu hagkvæms raforkuflutningskerfis*. Vissulega ber Landsneti að byggja hér hagkvæmt flutningskerfi, en þessi setning útilokar ekki, og á ekki að útiloka, að umhverfissjónarmið séu tekin inn í jöfnuna, jafnvel þó svo að það kosti meira í sumum tilvikum – en umhverfisáhrif jarðstrengja eru líklegast minni en loftlína í mörgum tilfellum. Landsnet er eins og aðrir framkvæmdaaðilar bundið af lögum og lagasetningum sem byggja á Evróputilskipunum í umhverfismálum svo og EES samningnum sem kveður sérstaklega á um að taka beri tillit til umhverfismála, sbr. 73. gr. samningsins: „*kröfur um umhverfisvernd skul[i] vera þáttur í stefnu samningsaðila á öðrum sviðum [en umhverfismála]*“ og „*aðgerðir...skul[i] grundvallaðar á þeim meginreglum að girt skuli fyrir umhverfisspjöll, áhersla sé lögð á úrbætur þar sem tjón á upphaf sitt og bótaskylda sé lögð á þann sem mengun veldur*“. Íslensk umhverfislöggjöf, m.a. mat á umhverfisáhrifum áætlana og framkvæmda, lög um náttúruvernd o.fl., gerir einnig beinlínis kröfu á stjórnvöld og fyrirtæki að taka tillit til umhverfisþátta við stefnumótun, ákvarðanatöku og framkvæmdir.

(Kafli 3.3) Í kafla 3.3. er gerð grein fyrir grundvallarforsendum fyrir gerð kerfisáætlunar.

Landvernd gerir alvarlegar athugasemdir við sumar þær grunnforsendur sem kerfisáætlun á að byggja á. Landvernd telur rétt að nota raforkuspá sem grunnforsendu kerfisáætlunar, en hafnar því að rammaáætlun (RÁ) sé notuð sem forsenda. Í síðustu kerfisáætlun var notuð sviðsmynd með 50% nýtingarflokks rammaáætlunar annarsvegar og 100% nýtingarflokks hinsvegar.

Ekki er ljóst af matslýsingu kerfisáætlunar 2015-2024 hve stór hluti nýtingarflokks (og/eða biðflokks) Landsnet hyggst styðjast við, heldur er einungis talað um rammaáætlun sem eina af grundvallarforsendum áætlunarinnar. Fyrirtækið verður að vera nákvæmara í matslýsingu fyrir þetta atriði.

Landsnet verður að sjá til þess að aðgangur að gögnum sé tryggður og öll aðferðafræði sé gagnsæ og skýr almenningi. Þá þarf að vera alveg skýrt hvernig Landsnet sér fyrir sér að gera grein fyrir þessum forsendum. Í matsáætlun vantar að greina frá því hvernig meðhöndlun þessara gagna verði háttáð.

8.4 Valkostir

Landvernd telur að þar sem að valkostir byggja á röngum eða óraunhæfum forsendum (rammaáætlun) geti þeir ekki talist réttmætir/skynsamlegir (e. reasonable) í skilningi laganna (nr. 105/2006) og þeirrar Evróputilskipunar sem þau byggja á (2001/42/EC).

Í kafla 3.2. og 4.7. er rætt um valkosti og vinsun þeirra á frumstigi kostagreiningar. Þar er sagt að óraunhæfir kostir muni síast út snemma í ferlinu, t.d. þeir sem ekki uppfylla „tæknilegar, hagrænar og/eða umhverfislegar kröfur“ (bls. 4). Ekki er nægjanlega gerð grein fyrir hvernig vinsun mun fara fram og á hverju hún mun byggja. Vissulega er rætt um að kerfisrannsóknir muni leiða í ljós hvaða valkostir eru tæknilega mögulegir (bls. 13-14), en erfiðara er að spá í hvað muni liggja að baki vinsunar þegar kemur að kostnaðarlegum og umhverfislegum þáttum (sem fara ekki endilega alltaf saman), eða hvernig almenningur og hagsmunaaðilar koma að slíkri vinsun. Mun Landsnet búa til einhvern farveg fyrir þessa aðila til að fylgjast með og taka þátt í gerð kerfisáætlunar á þessum fyrstu stigum hennar, á annan hátt en að geta gert athugasemdir við matslýsingu og drög að matsskýrslu og drög að kerfisáætlun sjálfri?

8.5 Umhverfismat

Gerð er athugasemd við að í yfirliti um landfræðileg gögn vantar gróðurkort og vistgerðaflokkunarkort sem hvorutveggja er til á Náttúrufræðistofnun Íslands (sjá töflu 4.1.) Jafnframt er ekki ljóst hvað átt er við í töflu 4.1. (þriðju neðstu línunni um „Landslag og ásynd / lífríki“), þar sem talað er um „Afmörkun stöðuvatna á Ísland (yfir stærð)“. Yfir hvaða stærð er átt við?

Í kafla 4 er rætt um að umhverfismatið verði tvískipt, annarsvegar hin tíu ára áætlun um meginflutningskerfið og hins vegar þriggja ára framkvæmdaáætlunin og að mat á heildarumhverfisáhrifum byggji á þessum tveimur þáttum matsvinnunnar (sjá bls. 6). Hinsvegar verður ekki annað skilið af kafla 4.7.1. um valkosti í framkvæmdaáætluninni að „*Ekki verð[i] fjallað um valkosti einstakra verkefna...sem hafa þegar farið í gegnum matsferli skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum...*“ og „*Almennt verð[i] frekari útfærslum eða valkostaumfjöllun einstakra framkvæmda vísað til síðari stiga...*“. Landvernd fær ekki séð hvernig þetta fer saman við fullyrðingar um að heildarumhverfisáhrif muni byggja á bæði tíu ára og þriggja ára áætluninni.

Í töflu 4.4. (um umhverfisþætti, gögn, matsspurningar og viðmið) er þess stundum getið að matsspurningar eigi við „flutningskerfið / stök verkefni“ og stundum er einungis vísað til flutningskerfisins (t.d. í umhverfisþáttunum „Land“ og „Landslag og ásynd“). Landvernd getur sér þess til að „stök verkefni“ vísi til þriggja ára áætlunarinnar. Af þessari umfjöllun verður ekki annað skilið en óljóst sé hvort umhverfismatið muni taka til beggja áætlana eður ei.

Víðerni: ein matsspurninga er hvort flutningskerfið fari um ósnortin víðerni. Hér er án efa verið að miða við skilgreiningu náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Þær mælingar sem til eru á umfangi víðerna, sbr. gögn Umhverfisstofnunar og rannsóknir Rannveigar Ólafsdóttur o.fl. við HÍ, taka eingöngu til stærðareiginleika víðerna en ná ekki til huglægs þáttar í skilgreiningu ósnortinna víðerna í náttúruverndarlögum: „*Landsvæði sem er a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum...*“ [leturbreyting Landverndar]. Þetta er hinsvegar afar mikilvægur hluti skilgreiningarinnar eins og rannsóknir Önnu Dóru Sæþórsdóttur á upplifnum ferðamanna á hálendi Íslands sína glöggt, en þar upplifa ferðamenn að þeir séu í víðerni eða í

óbyggðum, þar sem einveru, kyrrð o.s.frv. má njóta, þó svo að þeir séu ekki endilega innan 25 km² svæðis eða 5 km frá mannvirkjum. Nauðsynlegt er að líta einnig til þessara huglægari þátta við mat á umhverfisáhrifum kerfisáætlunar og einstakra verkefna í flutningskerfinu.

Ekki er gert ráð fyrir að fjalla um haf- og strandsvæði í umhverfisskýrslu, nema að stök verkefni kunni að hafa áhrif þar. Ekki er gerð önnur athugasemd við þetta en sú að ef taka á sæstreng sem sviðsmynd inn í kerfisáætlun 2015-2024, hlýtur að verða að fjalla um þennan þátt.

8.6 Gögn

Að mati Landverndar vantar gögn inn í Landslags/ásýndar kaflann, m.a. skýrslu Önnu Dóru Sæþórsdóttur og Rögnvaldar Ólafssonar um áhrif raflínu frá Hólmsárviðarkjuni að Sigöldulínu 4 á ferðamennsku og útivist.

Landvernd telur að viðmið í lífríkiskafla ættu að taka mið af Náttúruverndaráætlun 2004-2008 líkt og Náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Þá vantar skýrslu Önnu Dóru Sæþórsdóttur um áhrif raflínu frá Hólmsárviðarkjuni að Sigöldulínu á ferðamennsku og útivist í kafla um samfélag og einnig staðardagskrár sveitarfélaga og Græna hagkerfið.

8.7 Tengsl við áætlanir

Að mati Landverndar vantar eftirfarandi áætlanir hér inn:

- ▶ Staðardagskrár sveitarfélaga sem segja til um stefnu og markmið í umhverfismálum þeirra.
- ▶ Græna hagkerfið. Á meðal tillagna í þingsályktun um Græna hagkerfið sem var afgreidd frá Alþingi hinn 20. mars 2012 eru tilmæli sem miða að því að tryggja að umhverfiskostnaður verði ávallt metinn áður en ráðist er í framkvæmdir (nr. 7) og fjallað er um aðgerðir til að draga úr sóun á orku (nr. 38). Í Græna hagkerfinu má því finna viðmið sem Landsnet ætti að líta til við gerð kerfisáætlunar.
- ▶ Landsskipulagsstefnu verði hún tilbúin áður en kerfisáætlun er gefin út. Ekki er óeðlilegt að setja landsskipulagsstefnu hér inn rétt eins og þingsályktun um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína er nefnd í matslýsingu sem áætlun/stefna sem stuðst verður við ef hún hlýtur samþykki á Alþingi áður en kerfisáætlun 2015-2024 verður samþykkt (sbr. bls. 14 í matslýsingu). Landsskipulagsstefna er mjög mikilvæg stefna um samþættingu áætlana, m.a. á miðhálandi Íslands.
- ▶ Náttúruverndaráætlun 2004-2008.

8.8 Viðbrögð Landsnets

8.1	<p>Landsnet fór í fyrsta sinn á árinu með kerfisáætlun sína í gegnum feril umhverfismats áætlana. Fyrirtækið nýtti með því kjörið tækifæri til að skapa umræðu og upplýsa hagsmunaaðila um uppbyggingaráætlanir þess á fyrstu stigum. Þar sem þessu ferli var fylgt í fyrsta sinn og fyrir lágu margar stefnumarkandi ákvarðanir um áform Landsnets var ákveðið að nýta matsferlið og samráð til að kynna fyrirliggjandi valkosti án þess að velja einn umfram annan á þessu stigi. Með þessari nálgun var aflað mikilvægra upplýsinga sem ný kerfisáætlun getur byggt á, ásamt því að gefa lengri tíma til að undirbúa mikilvægar ákvarðanir um þróun flutningskerfisins.</p> <p>Það er nauðsynlegt að draga lærdóm af þessu fyrsta matsferli kerfisáætlunar og er það mikilvæg undirstaða fyrir kerfisáætlun 2015-2024. Athugasemdir og ábendingar sem bárust eru veigamikill liður í því. Það er skoðun Landsnets að</p>
-----	---

	<p>fyrsta umhverfismat kerfisáætlunar hafi uppfyllt allar kvaðir sem koma fram í lögum, Evróputilskipun og leiðbeiningum um umhverfismat áætlana. Þannig er í umhverfisskýrslu fjallað um helstu umhverfisáhrif valkosta um leiðaval, spennustig og loftlínu og jarðstreng, ásamt viðbrögðum við athugasemdir. Í umhverfisskýrslu er því að finna þær upplýsingar sem þurfa að liggja fyrir til að unnt sé að taka upplýsta ákvörðun um hina ýmsu þætti kerfisáætlunar.</p> <p>Landsnet tók allar athugasemdir og umsagnir við umhverfisskýrslu kerfisáætlunar 2014-2023 til efnislegrar umfjöllunar sem gerð var grein fyrir í ítarlegri samantekt. Samantektin, með viðbrögðum Landsnets við athugasemdum og umsögnum var birt á heimasíðu Landsnets og send viðkomandi aðilum.</p>
8.2	<p>Landsnet mun í umhverfisskýrslu gera frekari grein fyrir úrskurði umhverfis- og auðlindaráðherra, sem snéri að matsskyldu kerfisáætlunar 2012-2016. Umfjöllun verður sambærileg og kom fram í matslýsingu kerfisáætlunar 2014-2023. Í úrskurði ráðherra kom fram að hann næði eingöngu til kerfisáætlunar 2012-2016, en ekki framtíðaráætlana Landsnets.</p>
8.3	<p>(Kafli 3.2) Í kerfisáætlun hefur og mun Landsnet taka mið af umhverfissjónarmiðum við ákvörðun um uppbyggingu meginflutningskerfisins. Með því að kerfisáætlun sé umhverfismetin í samræmi við lög og Evróputilskipun um umhverfismat áætlana er stuðlað enn frekar að því að umhverfissjónarmið séu mikilvægur þáttur við ákvörðun um framtíð meginflutningskerfisins.</p> <p>(Kafli 3.3) Aðferðarfræði kerfisáætlunar er sú að leggja mat á flutningsþörfina m.v. sviðsmyndir sem mótaðar eru út frá Raforkuspá og rammaáætlun og leggja fram valkosti sem viðbrögð við því sem orðið getur. Valkostirnir eru miðaðir við það sem raunhæft getur talist að framkvæma á 10 árum eða því tímabili sem áætlunin tekur til en þó með það að sjónarmiði að mannvirkin endist til mun lengri tíma. Í þessu samhengi má rifja upp að byggðalínan var byggð á um 10 árum.</p> <p>Landsnet hefur ekki forsendur til að meta raunhæfi hvers orkunýtingarkosts fyrir sig. Því er það eðlileg nálgun Landsnets að byggja kerfisáætlun sína á orkunýtingarflokki rammaáætlunar, sem samþykkt hefur verið á Alþingi. Jafnframt má benda á að lagðar eru fram sviðsmyndir sem fela í sér breytilegt umfang nýtingar virkjanakosta í orkunýtingarflokki.</p> <p>Raforkuspá spáir fyrir um orkuþróun m.t.t. ýmissa hagstærða s.s. mannfjöldaspá og landsframleiðslu. Raforkuspá felur ekki í sér spá um nýja orkufreka notkun. Því þarf að horfa til slíkrar þróunar með öðrum hætti. Stillt er upp sviðsmyndum út frá rammaáætlun sem raforkuferfið þarf að vera reiðubúið fyrir, þar sem rammaáætlun er samþykkt stefnumarkandi áætlun frá stjórnvöldum og hefur fullt gildi sem grundvöllur að uppbyggingaráætlun flutningskerfisins.</p> <p>Landsnet telur sér ekki stætt á því að breyta gildandi rammaáætlun í samræmi við mat annarra en þeirra sem komu að mati á forsendum vegna rammaáætlunar. Því er einungis horft til þeirrar rammaáætlunar sem samþykkt er af Alþingi á þeim tíma sem forsendur kerfisáætlunar eru ákveðnar.</p> <p>Landsnet heldur því ekki fram að allur orkunýtingarflokkur rammaáætlunar verði fullnýttur að 10 árum liðnum. Hins vegar telur fyrirtækið það skyldu sína að laga áætlanir sínar að gildum áætlunum frá stjórnvöldum um það hvaða svæði verða hugsanlega nýtt með langan endingartíma mannvirkja sinna til</p>

	<p>hliðsjónar. Sömu nálgun er m.a. beitt í umhverfismati við afmörkun verndarsvæða.</p> <p>Landsnet mun gera frekari grein fyrir forsendum í kerfisáætlun 2015-2024 og taka mið af þeim ábendingum sem koma frá Landvernd.</p> <p>Hvað varðar meðhöndlun gagna, þá mun Landsnet birta umsagnir, athugasemdir og gögn sem berast við gerð umhverfisskýrslu kerfisáætlunar.</p>
8.4	<p>Ákvörðun Landsnets um kosti mun byggja á útreikningum kerfisrannsókna, hagkvæmni, rekstraröryggi og tæknilegum þáttum auk umhverfissjónarmiða. Grundvöllur að þessum ákvörðunum eru opinberar áætlanir og því ljóst að valkostir sem lagðir verða fram eru réttmætir og raunhæfir.</p> <p>Landsnet mun gera grein fyrir greiningu valkosta og hvernig var staðið að því að meta raunhæfi þeirra. Almennigur og hagsmunaaðilar mun geta kynnt sér vinsun Landsnets þegar tillaga að kerfisáætlun og drög að umhverfisskýrslu verða kynnt og komið á framfæri ábendingum um niðurstöðuna.</p> <p>Hvað raunhæfa kosti varðar vill Landsnet vísa í dóm Hæstaréttar nr. 22/2009 þar sem íslenska ríkinu og Vegagerðinni var stefnt fyrir það að taka ekki framkvæmdakosti framlagða af hagsmunaaðilum til mats á umhverfisáhrifum. Í dóminum er „fallist ... á þá niðurstöðu héraðsdóms að framkvæmdaaðili hafi forræði á því hvaða framkvæmdakostir uppfylli markmið framkvæmdar, enda sé mat hans í þeim efnum reist á hlutlægum og málefnalegum grunni.“</p> <p>Landsnet hefur bæði í kerfisáætlun 2014-2023 og kerfisáætlun 2015-2024 lagt fram þá kosti sem fyrirtækið telur uppfylla skilgreind eigin markmið og stefnur. Hvað varðar framsetningu og samanburð valkosta vísar Landsnet í kafla 4.7 í matslýsingu.</p>
8.5	<p>Landsnet mun bæta við listann um landfræðileg gögn og telja þar upp gróðurkortlagningu og vistgerðarflokkun til samræmi sem kemur fram í töflu 4.4.</p> <p>Varðandi stærð stöðuvatna er verið að vísa til viðmiða í 37. gr. náttúruverndarlaga, sem segir að stöðuvötn stærri en 1.000 m² njóti sérstakrar verndar.</p> <p>(Tafla 4.4). Umhverfismatið og matsspurningar taka bæði til megin flutningskerfisins, þ.e. 10 ára áætlun, og stakra verkefna í 3ja ára áætlun.</p> <p>Lagt er mat á áhrif kerfisáætlunar á ákveðna umhverfisþætti, sem tilgreindir eru í töflu 4.4. Nær matið annars vegar til uppbyggingar á meginflutningskerfinu og hins vegar til einstakra verkefna á 3ja ára áætlun. Hluti af matsvinnu er að leggja heildarmat á mögulegar afleiðingar kerfisáætlunar, 10 ára og 3 ára, á viðkomandi umhverfisþætti.</p> <p>Umfjöllun Landsnets um ósnortin víðerni byggir á lagalegri skilgreiningu þeirra skv. 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Við umhverfismat á landsáætlun, eins og kerfisáætlun, er ekki hægt að leggja mat á það hvernig fólk upplifir ósnortin víðerni. Hins vegar mun í umhverfisskýrslu verða gerð grein fyrir fyrirbyggjandi rannsóknum á víðernum.</p>
8.6	<p>Landsnet mun líta til þeirra gagna sem Landvernd bendir á.</p>
8.7	<p>Þingsályktun um græna hagkerfið er skjal sem inniheldur tillögur nefndar Alþingis um stefnumótun. Þar er einnig að finna tillögur að verkefnum sem geta stuðlað að framgangi græna hagkerfisins og eru það að miklu leyti tillögur að endurskoðun laga. Þingsályktunin á ekki við í umhverfismati kerfisáætlunar en</p>

	<p>eflaust verður að taka tillit til einstakra þátta ályktunarinnar síðar meir ef þeir ná fram að ganga.</p> <p>Almennt er litið svo á að það dugi að líta til skipulagsáætlana sveitarfélaga, þar sem stefna sveitarfélags hefur hlotið staðfestingu. Skipulagsáætlanir taka mið af Staðardagskrá viðkomandi sveitarfélags. Því er ekki gert ráð fyrir því að skoða sérstaklega samræmi kerfisáætlunar við Staðardagskrá 21.</p> <p>Landsnet hefur litið svo á að eingöngu sé unnt að miða við samþykktar áætlanir. Muni landsskipulagsstefna hljóta staðfestingu áður en kerfisáætlun er samþykkt, verður gerð grein fyrir samræmi áætlunarinnar við stefnuna. Þess ber að geta að núverandi nálgun og áherslur í umhverfismati falla að stefnu og viðmiðum sem koma fram í tillögu að landsskipulagsstefnu.</p> <p>Landsnet mun líta til Náttúruverndaráætlunar 2004-2008.</p>
	Landsnet mun lagfæra gögn í samræmi við ábendingar Landverndar um innsláttarvillur.
	Aðrir þættir í athugasemd Landverndar krefjast ekki viðbragða Landsnets vegna vinnu við umhverfismat kerfisáætlunar.

9 Skipulagsstofnun

9.1 Umhverfisskýrsla kerfisáætlunar 2014-2023

Stofnunin telur að þetta atriði [viðbrögð við athugasemdom við umhverfisskýrslu kerfisáætlunar 2014-2023] hefði átt að koma fram í matslýsingu og upplýsingar um hvaða áhrif athugasemdir við kerfisáætlun 2014-2023, sem ekki var brugðist við í umhverfisskýrslu þeirrar kerfisáætlunar, hafa eða munu hafa við mótun kerfisáætlunar 2015-2024.

9.2 Matsskylda

Því geri Skipulagsstofnun athugasemdir við þá fullyrðingu Landsnets um að óljós sé að kerfisáætlunin sé matsskyld. Betur fari að Landsnet, rétt eins og fyrirtækið gerði í matslýsingu fyrir kerfisáætlun 2014-2023, skýri frá því að með hljóðsjón af framangreindum úrskurði verði unnið umhverfismat áætlunarinnar.

9.3 Forsendur

(Kafli 3) „Ákvörðun Landsnets um að áætlunartímabil kerfisáætlunar verði 10 ár og þriggja ára framkvæmdaáætlun, byggir á tilskipun Evrópusambandsins nr. 72/2009 og drögum að breytingum á raforkulögum“. Skipulagsstofnun telur að í umhverfisskýrslu þurfi að gera nánar grein fyrir forsendum sem þessi ákvörðun Landsnets byggir á.

9.4 Gögn

(Kafli 4, tafla 4.1) Skipulagsstofnun bendir á að nýtileg gögn í tengslum við jarðmyndanir eru jafnframt náttúruverndaráætlun 2004-2008 og 2009-2013. Jafnframt ber í umhverfismati að hafa til hliðsjónar mögulegar sértækar verndaráætlana s.s. Mývatns- og Laxársvæðis sem og Vatnajökulþjóðgarðs. Þá vekur athygli að ekki er vikið að menningarminjum sem umhverfisþætti í þessari töflu, sem þarf að bæta úr eða rökstyðja ástæðu þess að ekki sé ætlunin að styðjast við nein slík gögn í matsvinnunni.

9.5 Samanburður valkosta

(Inngangur) Skipulagsstofnun fer fram á að í umhverfisskýrslu verði vísað til tilvísáðrar stefnu/leiðbeininga. Sé verið að vísa til draga að tillögu þingsályktunar um stefnu stjórnvalda í lagningu raflína þarf að greina frá stöðu hennar.

(Kafli 4.1) Skipulagsstofnun telur í ljósi þess sem kemur fram í matslýsingu um valkosti og rakið er að hluta hér að framan að það verði að vera alveg ljóst að í umhverfisskýrslu liggja fyrir niðurstöður samanburðar tilgreindra umhverfisþátta og matsspurninga fyrir tækni- og kerfisútfærslur en ekki eingöngu valkosti við flutningsleiðir, því að annars hafi ekki farið fram það mat á umhverfisáhrifum sem boðað hefur verið.

(Kafli 4.7) Skipulagsstofnun vísar í athugasemdir við umhverfisskýrslu kerfisáætlunar 2014-2023. Skipulagsstofnun telur að við umhverfismat kerfisáætlunar 2015-2024 og umhverfisskýrslu hennar þurfi að taka afstöðu til þessara athugasemda og kveða skýrt að orði um hvaða valkostum Landsnet stefni að í kerfisáætlun sinni 2015-2024 og byggi sú niðurstaða m.a. á valkostagreiningu umhverfismatsins.

9.6 Forsendur mats

(Kafli 4.5) Skipulagsstofnun telur að í umhverfismatinu verði að vera skýrt hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar mati á sérstöðu svæða í landslagi og upplifun.

Skipulagsstofnun fær ekki séð að neikvæð áhrif af flutningskerfinu á lífríki séu bundin við náttúruverndarsvæði. Stofnunin telur að leggja þurfi mat á áhrif sem kerfið kemur til með að hafa áhrif almennt á gróður, fugla og anna lífríki eftir atvikum innan skilgreinds áhrifasvæðis flutningskerfisins.

Skipulagsstofnun telur óljóst hvað átt sé við með skilgreindum útivistarsvæðum og þarf að útskýra það í umhverfisskýrslu.

(Tafla 4.4). Stofnunin telur mikilvægt að matið taki einnig til áhrifa mismunandi valkosta sem liggja í grennd við tiltekin svæði. Skipulagsstofnun telur að við mat á umhverfisáhrifum línuleiða, sérstaklega loftlína, á lífríki sé mikilvægt að taka sérstakt tillit til nálægðar við búsvæði fugla á valista eða ábyrgðartegunda.

9.7 Tengsl við aðrar áætlanir

(Kafli 5) Skipulagsstofnun vekur athygli á því að í töflu 5.1 er ekki vikið að landsskipulagsstefnu, sem nú er til kynningar og nálgast má á heimasíðu Skipulagsstofnunar. Ljóst er að í tillögu að landsskipulagsstefnu eru atriði sem snerta kerfisáætlun Landsnets og umhverfismat hennar og því þarf Landsnet að taka mið af henni við áframhaldandi mótun kerfisáætlunarinnar.

9.8 Tilvísun í athugasemdir við umhverfisskýrslu kerfisáætlunar 2014-2023

Skipulagsstofnun vísar á nokkrum stöðum í athugasemdir sínar, dags. 20. júní 2014, við umhverfisskýrslu kerfisáætlunar 2014-2023.

9.9 Viðbrögð Landsnets

9.1	Í inngangskafli matslýsingar kemur fram hverjar áherslurnar verða vegna ábendinga við umhverfisskýrslu kerfisáætlunar 2014-2023. Landsnet mun í umhverfisskýrslu gera betur grein fyrir því hvernig fyrri athugasemdir höfðu áhrif á matsvinnuna og kerfisáætlun 2015-2024.
9.2	Landsnet mun í umhverfisskýrslu gera frekari grein fyrir úrskurði umhverfis- og auðlindaráðherra, sem snéri að matsskyldu kerfisáætlunar 2012-2016. Umfjöllun verður sambærileg og kom fram í matslýsingu kerfisáætlunar 2014-2023. Í úrskurði ráðherra kom fram að hann næði eingöngu til kerfisáætlunar 2012-2016, en ekki framtíðaráætlana Landsnets.
9.3	Áætlunartímabil kerfisáætlunar er í samræmi við raforkulög nr. 65/2003.
9.4	Landsnet mun styðjast við fleiri gögn en talin eru upp í töflu 4.1, enda er það eingöngu yfirlit um þau gögn sem til eru sem landupplýsingar. Í töflu 4.4 er yfirlit

	<p>um margvísleg gögn, þar með talið náttúruverndaráætlanir. Landsnet mun bæta verndarsvæði Laxár og Mývatns á gagnalistann.</p> <p>Landsnet mun gera grein fyrir menningarminjum, eins og kemur fram í töflu 4.4 í matslýsingu. Þá er rétt að benda á umsögn Minjastofnunar sbr. kafla 2 í svörum.</p>
9.5	<p>Eins og kemur fram í matslýsingu mun Landsnet eingöngu líta til efnis þingsályktunar hafi hún hlotið samþykki. Í umhverfisskýrslu verður gerð grein fyrir stöðu þingsályktunar og leiðbeininga.</p> <p>Ein af megin breytingum í umhverfisskýrslu er umfjöllun um samanburð valkosta, þ.e. línuleiða, spennustigs og loftlína/jarðstrengur. Í kafla 4.7 er gerð grein fyrir framsetningu umfjöllunar um valkosti.</p> <p>Það var niðurstaða í kerfisáætlun 2014-2023 að nýta matsferlið og samráð til að kynna fyrirbyggjandi valkosti án þess að velja einn umfram annan á þessu stigi. Með þessari nálgun var aflað mikilvægra upplýsinga sem ný kerfisáætlun getur byggt á, ásamt því að gefa lengri tíma til að undirbúa mikilvægar ákvarðanir um þróun flutningskerfisins. Landsnet stefnir að því að taka ákvörðun um fyrirbyggjandi valkosti í kerfisáætlun 2015-2024.</p> <p>Í kerfisáætlun 2015-2024 er stefnt að því að velja á milli valkosta, þ.e. einn kost umfram annan.</p>
9.6	<p>Landsnet byggir öll viðmið í umhverfismati á stefnu stjórnvalda, lögum, reglugerðum og alþjóðlegum samningum. Varðandi landslag eru fyrirbyggjandi viðmið að finna í: 37. gr. laga um náttúruvernd, skilgreiningu ósnortinna víðerna og forsendum verndarsvæða. Þessi viðmið eru notuð til að afmarka hvort möguleg áhrifsvæði kerfisáætlunar hafi sérstöðu m.t.t. landslags.</p> <p>Kerfisáætlun er landsáætlun og mikilvægt að efnistöku umhverfismats taki mið af því. Þess vegna er lögð á það áhersla að styðjast við fyrirbyggjandi gögn og að viðmið séu, eins og fyrr segir, stefna stjórnvalda, lög, reglugerðir og alþjóðlegir samningar. Umfjöllun og mat á áhrifum á lífríki tekur til fleiri þátta en náttúruverndarsvæða. Í töflu 4.4 er yfirlit um þau gögn sem litið verður til s.s. vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands, upplýsingar úr gagnagrunni Nyttjaland, kortlagning birkiskóga og upplýsingar um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði. Landsnet telur því að umfjöllun um lífríki byggji á nægum gögnum. Skilgreind útivistarsvæði miðast við svæðis- og aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga.</p> <p>Nálgun matsins er að leggja mat á möguleg áhrif kerfisáætlunar. Annars vegar er litið til 20 m breiðs beltis og hins vegar 10 km beltis. Með þessari nálgun er aflað upplýsinga um það hvort viðkvæm svæði kunni að vera innan mögulegs áhrifsvæðis.</p>
9.7	<p>Landsnet hefur litið svo á að eingöngu sé unnt að miða við samþykktar áætlanir. Muni landsskipulagsstefna hljóta staðfestingu áður en kerfisáætlun er samþykkt, verður gerð grein fyrir samræmi áætlunarinnar við stefnuna. Þess ber að geta að núverandi nálgun og áherslur í umhverfismati falla að stefnu og viðmiðum sem koma fram í tillögu að landsskipulagsstefnu.</p>
9.8	<p>Skipulagsstofnun vísar á nokkrum stöðum í athugasemdir sem hún gerði 20. júní 2014 við umhverfisskýrslu kerfisáætlunar 2014-2023. Landsnet vísar í ítarleg svör sín dags. september 2014 við athugasemdum stofnunarinnar.</p>
	<p>Aðrir þættir í athugasemd Skipulagsstofnunar krefjast ekki viðbragða Landsnets vegna vinnu við umhverfismat kerfisáætlunar.</p>

10 Fljótsdalshérað

10.1 Forsendur

Bæjarstjórn tekur undir með atvinnu- og menningarnefnd og vekur athygli á því að núverandi staða á afhendingu raforku á Fljótsdalshéraði er óviðunandi og hefur neikvæð áhrif á rekstur fyrirtækja og hamlar almennri atvinnuuppbyggingu. Bæjarstjórn telur afar brýnt að tryggð verði meiri raforka inn á svæðið til nauðsynlegrar fjárfestinga í atvinnulífinu.

10.2 Viðbrögð Landsnets

Landsnet þakkar fyrir upplýsingar um áherslur sveitarfélagsins í raforkumálum í sveitarfélaginu.

11 Hafnarfjörður

11.1 Umhverfispættir

Í umhverfismatinu þarf að fjalla um áhrif styrkingar kerfisins á uppbyggingaráform sveitarfélaga, m.a. íbúðarsvæða og samgöngumannvirki, þar sem raflínur kunna að standa í vegi fyrir samfellda þróun byggðar út frá hagkvæmnis- og umhverfissjónarmiðum.

11.2 Viðbrögð Landsnets

Landsnet mun gera grein fyrir því hvort að styrkingar flutningskerfisins fari nærri þéttbýli skv. skipulagsáætlunum. Ekki verður á þessu stigi, þ.e. landsáætlun um uppbyggingu kerfisáætlunar, fjallað um áhrif kerfisáætlunar á einstök íbúðarsvæði eða samgöngumannvirki.

12 Orkuveita Reykjavíkur

12.1 Samfélagsleg áhrif

Styrking flutningsnets Landsnets mun hafa jákvæð áhrif á dreifikerfi Orkuveitu Reykjavíkur þar sem styrkingin dregur úr líkum á afhendingarbresti. Sterkara net mun einnig leiða til minni þarfar fyrir skerðingar í kerfinu sem hefur jákvæð áhrif á sölu rafmagns.

12.2 Áhrif á vatnsvernd og neysluvatn

Komi til þess að áform séu um að leggja háspennulínu eða jarðstreng í grennd við skilgreind vatnsverndarsvæði samkvæmt skipulagsáætlunum, er nauðsynlegt að meta þann kost að hnika línu/streng framhjá svæðinu þar sem kostur er. Sé það ekki tilfellið þarf að setja reglur um verklag á vatnsverndarsvæðum í samráði við viðkomandi heilbrigðiseftirlit.

Orkuveitan telur mikilvægt að í matsáætluninni komi skýrt fram að stefnan sé sú að neysluvatn verði ekki mengað vegna framkvæmda.

Orkuveita Reykjavíkur leggur til að textinn um vatnafar í töflu 4.4 verði skerptur þannig (sjá undirstrikun): Upplýsingar um afmörkun vatnsverndarsvæða í svæðisskipulag- og aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga ásamt öryggisreglum, sem fram koma t.d. í heilbrigðissamþykktum sem gilda um umsvif á vatnsverndarsvæðunum.

Ennfremur leggur Orkuveitan til að bætt verði við vatnsverndarsvæðum í textann um svæðis- og aðalskipulagsáætlanir í töflu 5.1 (sjá undirstrikun): Stefnumörkun um uppbyggingu orkufrekrar starfsemi, skilgreining iðnaðarsvæða, vatnsverndarsvæða, hverfisverndarsvæða, legu grunnkerfa o.fl.

12.3 Mótvægisaðgerðir

Orkuveita Reykjavíkur leggur áherslu á mótvægisaðgerðartillögur og bendir ennfremur á mikilvægi þess að setja skýra skilmála sem tryggja beina aðkomu viðkomandi heilbrigðiseftirlits á framkvæmdatíma.

12.4 Viðbrögð Landsnets

12.1	Landsnet mun taka mið af þessum ábendingum í mati á áhrifum kerfisáætlunar á samfélag.
12.2	Það er stefna Landsnets að tryggja að við allar framkvæmdir verði neysluvatn ekki mengað. Í kerfisáætlun verður lagt mat á hvort mögulegar línuleiðir fari um eða nærri vatnsverndarsvæðum. Ef ekki er unnt að hnika til línuleið verða tilgreindar þær aðgerðir sem þarf að grípa til á síðari stigum s.s. í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda, skipulagi og leyfisumsókn. Landsnet mun skoða öryggisreglur á vatnsverndarsvæðum, ef línuleið kemur til með að liggja um slík svæði. Litið verður til vatnsverndarsvæða þegar litið er til samræmis kerfisáætlunar við landnotkun í skipulagsáætlunum, skv. töflu 5.1.
12.3	Landsnet tekur undir með Orkuveitu Reykjavíkur hvað varðar mikilvægi mótvægisaðgerða. Lögð er áhersla á að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum með mótvægisaðgerðum þar sem því er við komið. Ef flutningskerfi fer um vatnsverndarsvæði verða settir skilmálar um aðkomu viðkomandi heilbrigðiseftirlits.
	Aðrir þættir í athugasemd Orkuveitunnar krefjast ekki viðbragða Landsnets vegna vinnu við umhverfismats kerfisáætlunar.

13 Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Samband sveitarfélaga á Austurlandi sendi umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp um breytingar raforkulögum.

13.1 Viðbrögð Landsnets

Landsnet hefur farið yfir umsögnina og telur að hún krefjist ekki sérstakra viðbragða vegna umhverfismats kerfisáætlunar.

14 Umhverfisstofnun

14.1 Valkostir

Umhverfisstofnun telur að leggja eigi höfuðáherslu á samanburð valkostanna Hálendislína og Byggðalína eins og gert er í matslýsingu. Umhverfisstofnun telur hins vegar að skýrt eigi að koma fram hvaða útfærsla sé möguleg á hvorri leið fyrir sig (jarðstrengur, loftlína og spennustig). Umhverfisstofnun vill benda á að þar sem stærð og gerð mannvirkja eru þeir þættir sem vega hvað þyngst þegar að þegar að umhverfisáhrifum raflína kemur, þá ætti að gera grein fyrir hvaða möguleikar séu á því að draga úr sjónrænum áhrum með minna spennustigi og þar af leiðandi mögulega lægri möstrum og frekari möguleikum til að leggja jarðstrengi í stað loftlína.

Umhverfisstofnun bendir á að skilgreining á núllkosti í umhverfisskýrslu kerfisáætlunar 2014-2023 er frábrugðin skilgreiningu Skipulagsstofnunar, sem segir „núllkostur, þ.e. að aðhafast ekkert. Núllkostur miðast við grunnástand þ.e. það ástand sem ríkir á umræddu svæði m.t.t. náttúrufars og samfélags, þ.m.t. þau mannvirki sem reist hafa verið og þá starfsemi sem fyrir er.“

14.2 Forsendur

Umhverfisstofnun telur að við gerð matsskýrslu Kerfisáætlunar eigi að hafa til hliðsjónar niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 671/2008 (um samfélagsáhrif).

Umhverfisstofnun telur að ef á annað borð eigi að fjalla um hagkvæmni og verðmætasköpun við mat á umhverfisáhrifum mismunandi valkosta eigi einnig að taka með í reikninginn umhverfiskostnað og mat á fórnarkostnaði.

14.3 Kerfisáætlun

Umhverfisstofnun telur að í kerfisáætlun eigi að gera grein fyrir uppbyggingu flutningskerfisins á sambærilegan hátt og gert hefur verið í Danmörku (sjá energinet.dk) þar sem dreifikerfinu er skipt í megin flutningslínur, annarsvegar 400 kV og hins vegar 150-132 kV. Með þessu móti er unnt á stigum áætlanagerðar að fjalla um þá möguleika sem fyrir hendi eru til að draga úr neikvæðum áhrifum flutningskerfisins.

14.4 Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun telur að við samanburð leiða eigi að taka mið af upplýsingum og niðurstöðum sem fram hafa komið við mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda. Þetta á sérstaklega við um Norðurlandslínur í valkosti A þar sem eingöngu er fjallað um hvort þessar línur liggja um verndarsvæði, en ekki hvort þær hafi áhrif á verndargildi viðkomandi svæða.

14.5 Samanburður valkosta

Í umsögn Umhverfisstofnunar um matslýsingu kerfisáætlunar 2015-2024 er fjallað um umhverfisáhrif og samanburð valkosta í umhverfisskýrslu kerfisáætlunar 2014-2023.

14.6 Umhverfisáhrif spennustiga

Umhverfisstofnun telur að skoða ætti valkosti kerfisáætlunar í þessu samhengi eins fljótt og mögulegt er þannig að betur sé hægt að gera grein fyrir sjónrænum áhrifum þegar ákveðnar hugmyndir um stærð mannvirkja er lögð til grundvallar. Einnig felst í mismunandi spennustigi ólíkir möguleikar þegar að lagningu jarðstrengja kemur. Því ætti í kerfisáætlun að skoða valkosti miðað við ákveðið spennustig og með þeim hætti draga úr umhverfisáhrifum

14.7 Viðbrögð Landsnets

14.1	<p>Umhverfismat kerfisáætlunar mun byggja á valkostaumfjöllun þar sem metnir eru raunhæfir valkostir. Í leiðavali verður a.m.k. litið til 3ja kosta þ.e. leiða A, B og C. Í umhverfismatinu verður gerð skýrari grein fyrir samanburði valkosta, þ.m.t. spennustigi og loftlínu/jarðstreng. Gerð verður grein fyrir forsendum valkosta, þ.e. raunhæfi þeirra meðal annars m.t.t. niðurstöðu kerfisrannsókna, hagkvæmni og umhverfissjónarmiða.</p> <p>Í matslýsingu, bls. 14, kemur fram að umfjöllun um núll kost verður gerð grein fyrir grunnástandi umhverfisþátta og líklegri þróun umhverfisþátta ef kerfisáætlun kemur ekki til framkvæmda. Þessi skilgreining er sambærileg þeirri sem kemur fram í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar.</p>
14.2	<p>Samfélag er umhverfisþáttur, sem er m.a. tilgreindur í lögum um mat á umhverfisáhrifum og umhverfismati áætlana. Í kafla um samfélag í matslýsingu kerfisáætlunar er skýrt frá þeim þáttum sem fjallað verður um og eru matsspurningar í töflu 4.4 nánari útlistun á þeim. Þar er ekki verið að meta markmið Landsnets sem hluta af umhverfisþáttum. Þá er mikilvægt að taka fram að umhverfismat áætlana er annars eðlis en mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og ekki hægt að heimfæra niðurstöðu dóms Hæstaréttar um</p>

	<p>framkvæmdamat yfir umhverfismat áætlana. Það þarf því ekki að breyta skilgreiningu umhverfisþátta eða nálgun matsvinnu.</p> <p>Það er ekki hluti af umhverfismati samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana að meta fjárhagsleg áhrif og því verður ekki lagt mat á fjárhagslega hagkvæmni, verðmætasköpun, fórnarkostnað eða umhverfislegan kostnað líkt og lagt er til í umsögninni.</p>
14.3	<p>Kerfisáætlun er m.a. áætlun um uppbyggingu og styrkingu meginflutningskerfisins til næstu 10 ára. Áætlunin byggir á kerfisrannsóknnum og grunnforsendum s.s. raforkuspá og rammaáætlun. Með tilliti til þarfa og niðurstöðu rannsóknar eru lagðar fram tillögur um leiðaval og spennustig. Einnig er gerð grein fyrir valkostum um loftlínu og jarðstrengjum.</p> <p>Landsnet telur að kerfisáætlun byggir á sömu grundvallarsjónarmiðum danska kerfisáætlunin, þ.e. sterkt meginflutningskerfi. Landsnet vill jafnframt benda á að það var danska þingið sem tók ákvörðun um forsendur fyrir jarðstrengi í flutningskerfinu, en ekki flutningsfyrirtækið. Á Alþingi er unnið að gerð þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína.</p>
14.4	<p>Umhverfismat kerfisáætlunar byggir á fyrirliggjandi gögnum og eru þau tilgreind í töflum 4.1 og 4.4. Einnig verður fjallað um áhrif einstakra framkvæmda í 3ja ára framkvæmdaáætlun. Mun sú umfjöllun í flestum tilvikum byggja á álitum eða ákvörðunum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmda.</p>
14.5	<p>Umhverfisstofnun fjallar um samanburð valkosta í umhverfisskýrslu fyrir kerfisáætlun 2014-2023. Sú skýrsla er ekki til umfjöllunar, en Landsnet mun í umhverfismati kerfisáætlunar 2015-2024 taka mið af fyrri ábendingum stofnunarinnar.</p>
14.6	<p>Vísað er til svars í tl. 14.3.</p>
	<p>Aðrir þættir í athugasemd Umhverfisstofnunar krefjast ekki viðbragða Landsnets vegna vinnu við umhverfismat kerfisáætlunar.</p>